**Lagabreytinga tillögur fyrir Hjólreiðaþing 14. mars 2021**

Frá framkvæmdastjórn ÍSÍ:

22. gr. - er svo hljóðandi:
Hjólreiðasamband Íslands verður ekki lagt niður nema 4/5 þeirra fulltrúa sem sæti eiga á hjólreiðaþingi samkvæmt þessum lögum samþykki það á tveimur þingum í röð og ekki líði meira en eitt ár á milli þinga. Með slíkri samþykkt á síðara þinginu er störfum þess þings lokið, en samtímis skal það ráðstafa eignum sambandsins. Ef ekki næst samkomulag um ráðstöfun eigna sambandsins skulu þær renna til góðgerðastarfsemi. Ekki undir neinum kringumstæðum geta eignir eða fjármundir HRÍ runnið til aðildarfélaga sambandsins.

Verður:
Hjólreiðasamband Íslands verður ekki lagt niður nema 4/5 þeirra fulltrúa sem sæti eiga á hjólreiðaþingi samkvæmt þessum lögum samþykki það á tveimur þingum í röð og ekki líði meira en eitt ár á milli þinga. Með slíkri samþykkt á síðara þinginu er störfum þess þings lokið. Sé HRÍ þannig löglega slitið skal afhenda ÍSÍ eignir þess til varðveislu.

24. gr. - er svo hljóðandi:
Þannig samþykkt á stofnfundi HRÍ 20. júní 2014 í Reykjavík. Reglugerðir HRÍ sem í gildi eru falla ekki úr gildi fyrr en stjórn HRÍ hefur samþykkt nýja reglugerð eða ákveðið að reglugerð falli úr gildi.

Verður:
Fyrri setning felld niður sem grein og gerð að neðanmáls grein í lögunum. Seinni setning tekin út, á frekar heima í reglugreðum sambandsins.